



## Ágæti nýnemi

Það gleður mig að tilkynna þér að þér hefur verið boðin skólavist í Menntaskólanum við Hamrahlíð á haustönn 2021. Applicants that are accepted into the Pre-IB/IB1 will receive a welcome letter in English from the IB DP Coordinator.

**Allir nýir MH-ingar eru boðaðir á kynningarfund í skólanum miðvikudaginn 18. ágúst kl. 13:00.** Á fundinum verður ávarp rektors en eftir það fara nemendur í stofur með umsjónarkennurum sínum. Þar kynna kennararnir skólann og fara yfir stundatöflur og hvernig fyrstu dagarnir ganga fyrir sig.

- Umsjónarkennarinn þinn kennir þér lífsleikni á fyrstu önninni þinni og er þér til aðstoðar næstu fjórar annir við ýmislegt sem snertir nám þitt í MH.
- Stundataflan þín gæti byrjað kl. 8:10 og staðið til 15:55 alla daga nema föstudaga en þá lýkur henni kl. 12:25 (fyrir flesta nemendur).
- Fyrsta kennsludaginn, fimmtudaginn 19. ágúst, verður skólasetning á sal kl. 9:00 og hefst kennsla í beinu framhaldi af henni.

Námstjórar velja áfanga fyrstu annarinnar eftir því hvaða braut þú valdir og hvernig þér gekk á grunnskóla. Upplýsingar um stundatöfluna þína og bókalista áfanganna sem þú ert í verða aðgengilegar í Innu um miðjan ágúst. Þú ert hvattur til að skoða vel hvaða áfanga þú hefur verið settur í og ef þú hefur einhverjar athugasemdir er best að hafa samband við námstjóra.

- Til að komast inn í Innu þarftu að eiga **rafræn skilríki eða íslykil**.
- Viðtalstímar námstjóra verða auglýstir nokkrum dögum fyrir skólasetningu og þú getur komið upp í skóla og hitt þá til að ræða málin.
  - Ef þú hefur tekið áfanga í íslensku, ensku eða stærðfræði á framhaldsskólastigi þarftu að skoða hvort að þeir hafi ekki örugglega verið metnir.
- Námstjórar verða einnig til viðtals, eftir kynningarfundinn 18. ágúst.

Í heimabanka forráðamanns þíns birtist greiðsluseðill fyrir greiðslu skólagjalda haustannar sem eru 11000 kr. (6000 kr. innritunargjald og 5000 kr. efnis-, pappírs- og tölvugjald). Gjaldldagi er 28.06 2021 en eftir eindaga sem er 12.07 2021 leggst á álag kr. 1500 ([sjá nánari upplýsingar](#)). Þá fylgir einnig valkvæður greiðsluseðill upp á 4000 kr. frá Nemendafélagi Menntaskólans við Hamrahlíð og 500 kr. valkvæður greiðsluseðill frá foreldrafélagi MH. Engin skylda er að vera í NFMH en við hvetjum þig til þess að taka virkan þátt í starfi nemendafélagsins, samhliða því að takast af krafti á við námið.

- Gjaldldagi 28.06 2021
- Eindagi 12.07 2021
- Inna, [www.inna.is](http://www.inna.is) opnast um miðjan ágúst hjá þeim sem greitt hafa skólagjöld haustannar.
  - Mundu að þú þarft rafræn skilríki og aðstandendur þínir hafa líka aðgang að Innu með sínum rafrænu skilríkjum.

Greiðsla innritunargjalds er endanleg staðfesting á að þú þiggir skólavist hjá okkur í MH.

Um miðjan ágúst koma upplýsingar á heimasíðu skólans um byrjun haustannar sem við hvetjum þig til að lesa. Fylgstu með á heimasíðu skólans [www.mh.is](http://www.mh.is) þegar nær dregur.

Ef þú af einhverjum ástæðum þiggur ekki skólavist í MH ertu beðinn um að senda póst á [mh@mh.is](mailto:mh@mh.is) eða láta vita á skrifstofu skólans sem allra fyrst. Skrifstofa skólans lokar 23. júní og opnar aftur mánudaginn 9. ágúst.

Við bíðum spennt eftir að hitta þig í haust og taka þátt í nýjum kafla í lífi þínu og ekki hika við að hafa samband ef þú hefur einhverjar spurningar.

Fyrir hönd MH, Helga Jóhannsdóttir, konrektor.

